

Kaupmannahöfn, og verður hinu stefnda protabúf eftir því eigi gjört að greiða áfrýjendum skaðabætur fyrir það, að skipið hafi verið sagt stærra, en það var í raun og veru.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og skiptarétturinn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og þykir rétt að áfrýjendur greiði hinum stefnda skiptaráðanda fyrir hönd protabúsins, málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Skiftaréttarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjendur, stjórnendur hlutafélagsins Ísbjörninn, greiði stefnda skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu fyrir hönd protabús M. Olsen 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 29/1919:

M. Eskildsen fyrir hönd
 »Hins íslenska steinolíuhlutafélags«
 gegn
 Sigurði Jónssyni fyrir hönd
 hlutafélagsins »Framtíðin«.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi »Hið íslenska steinolíuhlutafélag« fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda Sigurði Jónssyni verslunarstjóra f. h. hlutafélagsins »Framtíðin« á Seyðisfirði til greiðslu ávi'skiftaskuld að upphæð 922 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1916 til greiðsludags og málskostnaði. Lauk máli þessu þannig fyrir gestaréttinum, með dómi uppkveðnum 9. apríl þ. á., að stefndi f. h. h/f. »Framtíðin« var dæmdur til að greiða áfrýjanda 301 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 10. febr. 1917 til greiðsludags, en málskostnaður var látiun falla niður.

Þessum dómi hefir M. Eskildsen framkvæmdarstjóri »Hins íslenska steinolíuhlutafélags« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. maí þ. á og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 922 kr. 6 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1916 til greiðsludags, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess frá sinni hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Auk þeirra kröfuliða, er áfrýjandi fékk dóm fyrir í undirrétti, krafðist hann að stefndi yrði dæmdur til að greiða andvirði 20 fata með steinolíu með 607 kr. 50 a., en þessa upphæð neitaði stefndi að

greiða, með því að hann hafi hvorki pantað umrædd steinoliuföt eða veitt þeim móttöku.

Steinoliuföt þessi sendi áfrýjandi útbúi verslunarinnar »Framtíðin« á Breiðdalsvík með strandferðaskipi héðan 13. okt. 1914. Skýrir áfrýjandi nánar frá þessu þannig að pöntunin á oliu þessari hafi komið fyrir milligöngu umboðsmanns steinolíuhlutfélagsins á Akureyri, og hafi hljóðað um 20 föt af steinolíutegundinni »þór« en með því að sú tegund var uppseld, sendi áfrýjandi þann 9. okt. símskeyti til stefnda, skýrði honum frá að hin pantaða oliutegund væri uppseld og spurðist fyrir um það, hvort hann ætti ekki að senda oliutegundina »Óðinn« í þess stað. Svar við símskeyti þessu fékk áfrýjandi ekki, en sendi þó umgetnar oliutunnur til Breiðdalsvíkur 13. s. m og sendi útbúi stefnda á Breiðdalsvík jafnframt tilkynningu um sendinguna.

Oliuföt þessi virðast eigi hafa komið fram og er í málinu ekki upplýst hvað af þeim hefir orðið.

Símskeyti áfrýjanda til stefnda 9. okt bendir eindregið í þá átt, að skýrsla áfrýjanda um tildrög-in til olíusendingarinnar sé rétt, og þegar þess er gætt að málsaðilar höfðu undanfarið haft mikil viðskifti saman, virðist það hafa verið skylda stefnda að svara símskeyti áfrýjanda og láta hann vita, að hann (stefndi) hefði enga pöntun gert, ef hann óskaði ekki eftir olíunni eða vildi ekki veita henni móttöku. Áfrýjandi hefir og haldið því fram, að stefndi hafi ekki fyr en undir rekstri málsins neitað því, að hafa pantað umræddar oliutunnur,

heldur einungis mótmælt að greiða andvirði þeirra af því að þær hafi ekki komið fram, og virðist þetta styrkjast við ummæli stefnda í bréfi til áfrýjanda 27. apríl 1916, þar sem stefndi styður mótmæli sín gegn því að greiða verð oliutunnanna við það, að oðlan hafi aldrei komið í land og hann (stefndi) aldrei tekið á móti henni.

Eftir framansögðu verði að líta svo á, að stefndi hafi pantað umrædda olíu eða að minnsta kosti gefið áfrýjanda tilefni til þess að álíta að svo væri, og þar sem það ekki er vefengt að áfrýjandi hafi sent umræddar tunnur héðan með umgetinni skipsferð, getur stefndi samkvæmt 10 gr. viðskiftalaga 11. júlí 1911 ekki komist hjá að greiða andvirði þeirra kr. 607,50. Það ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. $301,06 + 607,50 =$ kr. 908,56 með 6 % ársvöxtum frá 10. febr. 1917 til greiðsludags. Svo þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Sigurður Jónsson fyrir hönd hlutafélagsins »Framtíðin« greiði áfrýjanda M. Eskildsen fyrir hönd Hins íslenska steinolíuhlutafélags 908 kr. 56 a. með 6 % ársvöxtum frá 10. febr. 1917 til greiðsludags. Svo greiði stefndi áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur
sínu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri
laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 67/1919:

Valdstjórnin

gegn

A. J. Godtfredsen.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar upp-
kveðnum 15. sept. þ. á., var Andreas Júlíus Godtfred-
sen kaupmaður á Akureyri dæmdur í 600 kr. sekt
til ríkissjóðs og málskostnað allan fyrir brot á lögum
nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi.
Svo var hið innflutta áfengi dæmt upptækt og eign
ríkissjóðs. Dómi þessum er að ósk kærða skotið til
yfirdómsins.

Kærða er gefið að sök, að hann hafi innflutt
með ensku vöruflutningaskipi »Vistula«, er kom
hingað til lands í júlímán. þ. á., 3 tunnur af whisky,
2 kassa með champagne, 1 kassa með portvíni og 1
kassa með rauðvíni. Voru vinföng þessi færð á
farmskrá og farmskirteini skipsins, og var farmskir-
teinið stílað til Havsteen & Godtfredsen Akureyri,
en kærði hefir skýrt svo frá, að það sé af misskiln-